

**MINNISBLAÐ**

Verknúmer 2364-004	Verkkaupi <b>Norðurá bs.</b>	Dagsetning 12.5.2022
Verkheiti <b>Stekkjjarvík urðunarstaður - Útstreymisbókhald</b>		
Málefni <b>Útstreymisbókhald fyrir árið 2021</b>		
Sendandi Páll Höskuldsson		
Dreifing UST, Norðurá bs.		



Efla hefur að beiðni Norðurár bs. unnið útstreymisbókhald fyrir urðunarstaðinn í Stekkjarvík Blönduósbæ og fyllt út staðlað excelform frá Umhverfisstofnun sem sent er hér með inn til stofnunarinnar.

Útstreymisbókhald skal gera í samræmi við reglugerð um útstreymisbókhald nr. 990/2008 og fylgiskjal þar sem fram koma í II viðauka mengunarefni og viðmiðunargildi fyrir losun í andrúmsloft og í vatn. Um er að ræða 91 efni í lista. Skv. Guidance Document for the implementation of the European PRTR frá EU dags 31 maí 2006 Appendix 4 þarf fyrir urðunarstaði að athuga með 17 efni fyrir losun í loft og skv. Appendix 5 skal athuga með losun 69 efna í vatn.

Haft var samráð við Umhverfisstofnun um notkun IPCC móðels sem finna má á vefsvæði UST fyrir útreikning og áætlun heildar metans. Gassöfnun hófst í I áfanga urðunarhólfs í október 2018 og er söfnuðu gasi nú brennt. Aðrar viðurkenndar áætlunaraðferðir voru notaðar til nálgunar á losun annarra efna í loft. Metangasmýndun var reiknuð fyrir urðunarstaðinn í heild út frá magni tilgreindra flokka úrgangs. Notaður var MCF stuðull 1 fyrir áætlunina. Metanlosun á árinu er um 511 t/ári að frádregnu því sem safnað var og brennt. Þetta er yfir mörkunum 100 t/ári, sem er tilkynningarskyld losun í útstreymisbókhaldi.

Losun í vatn var metin út frá niðurstöðum mælinga í sigvatnsfrárennsli þann 23.8.2021. Af 69 eignum sem athuga á fyrir var búið að mæla 19 og var losun í öllum tilfellum undir mörkunum sem eru tilkynningarskyld.